



GARÐABÆR

Loftgæði Mjög góð

Flokkum flugeldarusl


30. des. 2025

Á nýársdag verður hægt að fara með allt flugeldarusl í sérstaka gáma sem verða á fjórum stöðum í Garðabæ.

Við hvetjum íbúa Garðabæjar til að hjálpast að við að hreinsa upp flugeldarusl og koma því á réttan stað. Í Garðabæ verða þar til gerðir gámar fyrir flugeldarusl á fjórum stöðum; við Urriðaholtsskóla, Ásgarð, Hofsstaðaskóla og á Álftanesi. Endurvinnslustöðvar SORPU taka líka á móti flugeldarusli, þær opna þann 2. janúar.

Á meðfylgjandi mynd SORPU má sjá staðsetningu gámanna sem ætlaðir eru fyrir flugeldrusl.





Hvert fer flugeldaruslið?



Flokkum okkur inn í umhverfisvænt ár með því að hreinsa upp flugeldarusl og koma því í gáma á höfuðborgarsvæðinu strax þann 1. janúar. Endurvinnslustöðvar SORPU taka á móti flugeldarusli þann 2. janúar.

Gleðilegt hreint ár!